

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni dómstolasýslunnar.

1. *Hvaða lögbundnu verkefnum sinnir dómstolasýslan?*

Í lögum um dómstóla, nr. 50/2016, er kveðið á um að Dómstolasýslan sé sjálfstæð stjórn-sýslustofnun sem annast sameiginlega stjórnsýslu dómstólanna. Í sömu lögum er svo nánar kveðið á um hlutverk dómstolasýslunnar.

2. *Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna dómstolasýslunnar og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?*

Heildarfjárveiting til dómstólanna allra og dómstolasýslunnar samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020 eru 3.379,300 millj. kr. Þar er svo nánar greint á milli fjárfamlaga til dómstóla-sýslunnar, héraðsdómstólanna, Landsréttar og Hæstaréttar Íslands. Fjárfammlög til dómstóla-sýslunnar er 355,4 millj. kr. Hvorki er lögum um opinber fjármál, gildandi fjárlögum frá Alþingi né í bókhaldi stofnana gert ráð fyrir að fjárrreiður þeirra séu sundurgreindar eftir einstökum lögbundnum verkefnum.